

33. Fundur Umhverfis- og náttúruverndarnefndar Skaftárhrepps
Haldinn í fjarfundi 23. apríl 2020 klukkan 20:00

Mætt eru: Katrín Gunnarsdóttir formaður, Jóna Björk Jónsdóttir ritari og Rúnar Þorri Guðnason.

Dagskrá fundarins.

1. Gámavöllurinn og opnunartími hans.
Umhverfis- og náttúruverndarnefnd Skaftárhrepps fagnar að framkvæmdum við umbætur á Gámavelli sé að mestu lokið. Jafnframt hvetur nefndin íbúa Skaftárhrepps, sumarbústaðaeigendur og aðra gesti að fylgja reglum um umgengi og losun.
Nefndin hvetur til þess að opnunartímar og fyrirkomulag losunar verði auglýstir tímanlega.
2. Stóri Plokkdagurinn 25. apríl n.k.
Nefndin hvetur íbúa sveitarfélagsins til að nýta daginn til að hreins nánasta umhverfi sitt þennan dag. Formaður hefur samband við sveitarstjóra um að koma þeim skilaboðum til íbúa. Stefnt verður að því að hafa stærri plokk-viðburður verðum haldinn á annan í hvítarsunnu 25. maí. Fyrirkomulag hans fer eftir þeim aðstæðum sem þá verða í þjóðfélaginu vegna Covid19 og auglýst síðar.
3. Styrkir til umhverfis- og náttúruverndarmála.
Mikilvægt er að fylgjast með þeim hvaða styrkir eru í boði og óskar nefndin eftir aðstoð atvinnumálafulltrúa við þá vinnu.

Önnur mál ekki rædd.

Næsti fundur boðaður mánudaginn 18. maí.

Fundi slitið 20:40